



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík 3. júní 2022

Alsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
101 Reykjavík

Efni: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um minnisvarða um eldgosíð á Heimaey, 376. Mál.

Bandalag íslenskra listamanna tekur undir með flutningsmanni tillögunnar að fullt tilefni sé til að minnst þessara tímamóta með myndarlegum og viðeigandi hætti. Gosíð í Heimaey er einn stærsti einstaki viðburður í sögu þjóðarinnar í seinni tíð, samtakamátturinn sem heimamenn og þjóðin sýndi sjálfa gosnóttina og í kjölfarið við lausn þeirra fjölbreyttu og flóknu verkefna sem fylgdu í kjölfarið.

Nú þegar liggur fyrir, samkvæmt þingsályktuninni að búið er að ræða við listamann um verkefnið en BÍL leggur á það áherslu að þegar ríkissjóður áformar að fjármagna listaverk í opinberu rými eigi að fara eftir Myndlistarlögum nr. 64/2012 KAFLI IV.13.gr. Um listaverk í opinberum byggingum og útisvæðum.

Samkvæmt 16.gr. Sömu laga skal leita faglegrar ráðgjafar hjá stjórn Listskreytingasjóðs við undirbúning og kaup á listaverkum sem Ríkissjóður áformar að fjármagna að hluta eða öllu leiti. Útisvæði á vegum sveitarfélaga, sem ríkissjóður fjármagnar að hluta falla einnig undir lög um listskreytingasjóð.

BÍL hefði talið eðlilegt að haldinn hefði verið samkeppni um verkið eins og tiltekið er í 19. gr. sömu laga, sem opin hefði verið á íslenskum og erlendum listamönnum, þar sem hér myndi verkefnið skilgreinast sem meiriháttar verkefni á sviði listskreytinga.

Virðingarfyllt
Erling Jóhannesson
Forseti Bandalags íslenskra listamanna

